

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Nýlendureits.

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 10. júní 2008 var samþykkt nýtt deiliskipulag á Nýlendureit.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Sóleyjargötu, Merkurteig, Suðurgötu og Vitateig.

Skipulagið felst m.a. í að á óbyggðum lóðum innan reitsins er gert ráð fyrir nýjum íbúðarhúsum, og á nokkrum þegar byggðum lóðum má bæta við bílskúrum og minni háttar viðbyggingum.

Framangreint deiliskipulag var auglýst skv. 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Akranesi, 2. júlí 2008.

Guðný J. Ólafsdóttir,
fulltrúi sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs.